

**Nr. 013 / 16 Kristín GK 457****Vélarvana og dreginn í land**

Skipaskr.nr. 0972  
Smíðaður: Elbewerft Þýskalandi 1965, stál  
Stærð: 256,44 brl. 400,98 bt.  
Mesta lengd: 41,71 m Skráð lengd: 38,40 m  
Breidd: 7,20 m Dýpt: 6,10 m  
Vél: M.Blackstone 589 kW, 1982  
Fjöldi skipverja: 14



Kristín GK©Fiskifrétir

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 16. september 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 16. mars 2016 var Kristín GK 457 á siglingu við Látrabjarg. Veður: SA 8 m/sek.

Á siglingunni dró niður í vélinni, hún erfiðaði og var hún þá stöðvuð. Athugun leiddi í ljós að einn stimpill var rifinn í slífinni og var í kjölfarið haft sambandi við Vaktstöð siglinga (VSS) og óskað eftir aðstoð. Varðskipið Þór kom á staðinn og dró Kristínu til Reykjavíkur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að stimpilboltalega í stimpli nr. 5 reyndist úrbrædd og að stimpilkollurinn hafði ekki fengið ekki nægilega kælingu;
- að búið var að keyra vélina 12.000 klst. frá síðustu upptekt en þá var skipt um stimpla, slífar og legur. Við þá upptekt voru gömlu stimpilboltarnir notaðir áfram sem talið var að orsakaði lélega kælingu;
- að eftir atvikið var ákveðið að skipt um alla stimpla, stimpilbolta og legur í stimpilstöngum í vélinni.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins var léleg kæling á stimpilkolli.